

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	HTL 603	
Samþykkt:SHJ	Haustönn 2013	
Síða 1 af 2		

Kennarar	Borghildur Ína Sölvadóttir Viðtalstími: Mánudaga kl 12:30 - 13:10 Karín M. Sveinbjörnsdóttir Viðtalstími: Mánudaga kl 11:20 – 12:00	Sk.st. Netfang Sími	BÍN // ina@vma.is Sími: 8671267 KAR // karin@vma.is Sími: 8951094
-----------------	--	--	--

Áfangalýsing: Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

Markmiðið er að nemandinn:

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

Námsgögn: Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Efni: Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Áætlun um yfirferð:

Verkáætlun: Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

Dag- og/eða skissubóbók: Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

Umræður: Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (sjá töflu).

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

**HTL 603
Haustönn 2013**

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
35	28. ágúst	Fundur + Skipulagning viðtala	43	23. október	Fundur + Yfirferð
36	2. - 6. september	Einstaklingsviðtöl <u>Skil á verklýsingu</u>	44	28. október - 1. nóvember	Einstaklingsviðtöl
37	9. - 13. september	Einstaklingsviðtöl	45	6 . nóvember	Fundur + Skipulagning sýningarundirbúnings
38	16. - 20. september	Einstaklingsviðtöl	46	13. nóvember	Skila skal fullkláruðu verki Yfirferð + sýning undirbúin
39	25. september	Fundur + Yfirferð	47	18. - 22. nóvember	
40	30. september - 4. október	Einstaklingsviðtöl		23. - 24. nóvember	Sýning + Yfirferð með prófdómurum
41	7. - 11. október	Einstaklingsviðtöl	48	25. - 29. nóvember	
42	14. - 18. október	Einstaklingsviðtöl	49	3. desember	Skila skal greinagerð,dag-/ skissubók og ferilmöppu

Námsmat:

Námspáttur	Lýsing	Vægi
Vinnuáætlun	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
Dag-/Skissubók og Feilmappa	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemanans og allar skissur + öll próunar- og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt	20%
Greinargerð	Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til loka niðurstöðu	5%
Sýningarundirbúningsur Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi		5%
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennar brautarinnar	50%

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils